ÍSLENDINGAR OG **BOGVEIÐAR**

Höfundur: Indriði Grétarsson
Ljósmyndir: Úr einkasafni

Áhugi á bogveiðum hefur farið vaxandi hjá veiðimönnum síðustu ár. Líklegast hefur sá áhugi komið til vegna þeirrar aukningar sem hefur orðið erlendis á bogveiðum, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, en einnig hefur áhugi á bogfimiíþróttinni sem slíkri vaxið hér á Íslandi með tilkomu Bogfimisetursins.

Indriði Grétarsson, formaður Bogveiðifélags Íslands, tók þá Enok Sveinbjörnsson og Dúa J. Landmark tali, en Enok hefur stundað bogveiðar í Bandaríkjunum í nokkur ár, bæði á kalkún og dádýrum. Hann tók syni sína, þá Sveinbjörn og Jóhann Kára með sér á bogveiðar í Kansas, og segja þeir bræður okkur frá sinni upplifun. Dúi er kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður, en hann gerði mynd um bogveiði á hjartardýrum í Colorado fylki í Bandaríkjunum 2010 og segir okkur frá þeim veiðum.

ENOK SVEINBJÖRNSSON

Enok, hver er bakgrunnur þinn sem veiðimaður?

Ég byrjaði að veiða mjög ungur. Fékk þá lánaðar byssur hjá eldri bróður mínum og föður. Fór þá aðallega á svartfugl og rjúpu, síðan bættust fleiri tegundir við með tímanum. Í dag er ég búin að veiða allt sem leyfilegt er að veiða á Íslandi, og er enn að.

Geturðu lýst bogveiðinni, hvað er það sem þú upplifir?

„Fyrir mig er bogveiði á dádýrum ein sú skemmtilegasta og mest krefjandi veiðiaðferð sem ég hef stundað. Ég hef oft lýst því þannig að þetta er eina veiðiaðferðin sem er í „þrívídd“. Þú ert allur inni í veiðinni, mátt ekki gefa frá þér nein hljóð, enga lykt og ekki hreyfa þig þegar bráðin nálgast. Þú þarft að fá bráðina mjög nálægt þér til að eiga möguleika, og þá erum við að tala um nokkurra metra færi. Bogveiði í hvaða formi sem hún er stunduð krefst útsjónarsemi og æfinga. Bogveiðin gerir einnig strangar siðferðislegar kröfur til veiðimannsins, hann þarf að leggja mikið á sig til að komast í ásættanlegt færi. Það gæti þýtt 10-30 metra í skóglendi eftir aðstæðum, og hann má ekki taka minnstu

áhættu á of löngu færi, þannig getur hann sært dýr sem getur þurft að eyða löngum tíma í að leita að, jafnvel mörgum dögum ef því er að skipta. Minnsta skrjáf, hreyfing eða vindur úr rangri átt getur fælt í burtu bráðina. Sú tegund sem ég hef mest verið að veiða er White Tailed Deer en þau eru svipuð að stærð eða aðeins minni en hreindýrin hér á Íslandi."

Þú hefur stundað bæði skot- og bogveiðar í Bandaríkjunum, geturðu sagt okkur eitthvað nánar frá því?

„Já það er rétt, ég hef stundað bogveiðar í Bandaríkjunum í nokkur ár, en það var vegna vinnu minnar í Kansas sem ég kynntist fyrst bogveiðinni. Ég kynntist manni sem heitir Joe Kossar í Kansas City, og fór með honum á kalkúnaveiðar með haglabyssu.

Hann spurði mig hvort ég hefði áhuga á prófa veiða dádýr með boga. Ég hélt það nú! Til að byrja með lánaði hann mér boga og ég skaut nokkrum örvum í mark. Með það sama hafði ég ánetjast, og í kjölfarið keypti ég mér boga og allan tilheyrandi búnað. Ég varð að geyma þennan útbúnað þar ytra í hvert skipti sem ég fór heim til Íslands, þar sem lög og reglur hér á landi heimiluðu ekki að ég kæmi með þetta inn í landið. Hjá Joe og fleiri vinum hans er ég alltaf velkominn, og fæ að stunda bogveiðar hjá þeim þegar ég kem í heimsókn."

Er mikill undirbúningur fyrir veiðarnar?

„Já, það er þó nokkur undirbúningur. Það þarf að fara á staðinn og skoða ummerki, athuga hvort dýr eru nýbúin að vera á svæðinu og kanna aðstæður. Þegar álitlegur staður er síðan fundinn þarf að koma fyrir trjástandi sem hægt er að skjóta frá. Það þarf að þvo fötin á sérstakan hátt til að útiloka lykt og bera á búnaðinn lyktartefjandi efni. Einnig er gott að fara í sturtu áður með sérstakri sápu."

Hversu öflugan boga þarf til að stunda bogveiðar?

„Yfirleitt er talað um afl á bogum frá 40 pundum og upp í 70-80 pund. Algengasta stærðin eru bogar með 50-60 punda afl. Oddarnir þurfa að vera að lágmarki með 25mm skurðarþvermál, og með flugbeittum blöðum. Til að setja afl á boga í samhengi við það sem menn þekkja í skotvopnum má segja að 40 punda bogi jafngildi cal. 0.243 og að 60-70 punda bogi sé ígildi cal. 30.06. En að öðru leyti er erfitt að bera saman bogveiðar og skotveiðar, þetta er mjög ólíkt þegar kemur að notkun og ákomu. En til að gefa hugmynd má segja

Bogveiði í skóglendi krefst feluklæðnaðar, buxur og jakki duga ekki, allt þarf að vera hulið, líka hendur og andlit. Ljósmynd - Dúi J. Landmark

að skotfjarlægðin í bogveiði er á bilinu 5-70 metrar, og 70 metrar er talið algjört hámark á opnum svæðum. Í skóglendi er algengasta fjarlægðin hinsvegar 5-40 metrar að jafnaði."

Telur þú líklegt að bogveiði verði leyfð á Íslandi í nálægri framtíð?

„Já, ég hef fulla trú á því, vona það a.m.k. Þróunin í Evrópu hefur verið á þá leið síðustu ár, og við þurfum ekki að horfa langt út fyrir landsteinanna til að sjá hvar bogveiðar hafa verið leyfðar síðustu ár. Til að mynda leyfðu Grænlendingar bogveiðar á sauðnautum 2012, og hreindýrum 2013. Það myndu kannski ekki margir stunda þessar veiðar hér á landi til að byrja með. Hins vegar er aldrei að vita, íslenskir veiðimenn eru áhugasamir um nýjungar og taka hlutina með trompi þegar þeir ákveða að fara í þá. Einnig má benda á að fyrirspurnum frá erlendum veiðimönnum um bogveiði á Íslandi hefur fjölgað mikið undanfarið.

Hreindýraveiðar hér heima snúast oft einfaldlega um að ná sér í kjöt. Síðast þegar ég fór var ég spurður hvort ég vildi fara fyrir eða eftir hádegi! Þá er keyrt upp að hjörð, skot tekið á um 380 metra færi, málið dautt . Þessi nálgun tekur alla stemmningu og upplifun frá mér. Í dag vil ég taka mér tíma, gera þetta í ró og næði, stunda alvöru veiði, ekki svona „Aktu-Taktu" dæmi. Það er mun erfiðara að komast í færi við dýr með boga og bráðin hefur meiri möguleika á að sleppa. Synir mínir hafa sýnt þessu mikinn áhuga, og svo fór að ég bauð þeim út til Kansas á bogveiðar fyrir stuttu í tilefni af 60 ára afmæli mínu. Það er óhætt að segja að þeir hafi kunnað vel að meta!"

Enok Sveinbjörnsson búinn að festa bráðina á fjórhjólið eftir gott skot af boganum.

Telur þú bogveiði henta konum?

„Já, það tel ég hiklaust. Kannski vegna þess að boginn slær ekki eins og hefðbundin skotvopn gera og þar er enginn hávaði, tel það höfða til kvenna. T.d í Bandaríkjunum þá eru um 16% af öllu bogveiðifólki konur, og það telst nokkuð hátt hlutfall á móts við þær konur sem stunda veiðar með skotvopnum.“

Jóhann Kári og Sveinbjörn, þið bræður kynntust skotveiðum ungir í gegnum föður ykkar og bræður hans, hvernig var ykkar upplifun af bogveiðinni?

JÓHANN KÁRI:

„Bogveiðiferðin til Kansas var nánast ólýsanleg. Fyrstu nóttinni, þegar gengið var inn í skóginn, fylgdi svo mikil nálægð við alls kyns dýr sem maður hvorki sá né þekkti að það þyrmdi næstum yfir mann! Öll þessi nýju, ókunnu hljóð, lyktin, myrkrið, svo ekki sé minnst á spennuna. Adrenalínið fór að dælast út í blóðið, og maður varð næstum dauðfeginn að komast upp í tré! Þetta eru ekki allt sömu meinlausu dýrahljóðin sem maður er vanur að heyra hér heima. En þetta vandist samt nokkuð fljótt. Með morgunbirtunni fóru íkornarnir að vappa í kringum mann og sléttuúlfarnir að hlaupa fram hjá. Svo ekki sé minnst á „gobblandi“ kalkúna í næsta nágrenni, þá fór manni nú bara næstum því að líða svona eins og heima hjá sér, svona fyrir utan það að vera

fastur uppi í einhverju tré.

Það er mjög ólíkt að skjóta úr boga á einhverju æfingasvæði í skífu og að hitta dádýr úti í miðjum skógi. Í fyrsta lagi þarf að spenna bogann algjörlega hljóðlaust, í öðru lagi þá ertu bundinn upp í tré og ert nokkuð meðvitaður um það, og í þriðja lagi þá er spennan svo mikil og þetta er eitthvað svo nýtt að maður þarf að halda í við sig til að missa sig ekki úr spenningi! Þrátt fyrir þetta allt náði ég að róa mig niður og þegar fyrsta dádýrið nálgaðist og ég náði að draga bogann upp, þá róaðist maður einhvern veginn niður. Þegar dýrið var statt u.þ.b. 50-60 metrum frá mér byrjaði það síðan að hörfa. Ég skaut þá en hitti því miður ekki, og örin fór undir það.

Eftir þessa ferð er ég klárlega orðinn „húkt", eins og maður segir á slæmri íslensku. Hlakka mikið til að komast í bogveiðiferð aftur og get klárlega mælt með þeirri veiðiaðferð við hvern sem er. Enda gaman að kynnast veiði sem krefst svo mikillar nálægðar við bæði náttúru og dýr, og að sumu leyti jafnar leikinn á milli manna og dýra."

Sue Brothers sem er ein af veiðifélögum Enoks með kalkún veiddan í Kansas en hún er öflug bogveiðikona.

Synir Enoks ráða ráðum sínum við Joe.

SVEINBJÖRN:

„Þessi ferð til Kansas var alveg nýr heimur í veiði fyrir mér. Það er t.d. mjög mikilvægt að þvo öll fötin uppúr sérstakri lyktardrepandi sápu og sjálfan sig með eins sjampói. Þetta er mjög ólíkt því sem maður hefur kynnst á veiðum hér heima. Dádýrin eru mjög lyktnæm og finna lyktina af okkur þegar þau eru að koma í færi, lyktarskynið og heyrnin eru þeirra aðalvörn. Sama er með veiðigallann, það má ekki vera efni sem skrjáfar í, t.d. goretex og nælon regngallar, það er allt of mikill hávaði í þeim. Vatnsþéttir gallar úr t.d. flís eða sambærilegu efni sem gefur ekki frá sér hljóð þegar þú hreyfir þig, er það sem virkar best. Það var líka mikil upplifun að mæta þarna í myrkrinu, klifra upp í tré upp í 4-8 metra hæð, festa öryggisbeltið við tréð, slökkva á ennisljósinu og sitja þar fastur í svartamyrkri. Síðan byrjuðu öll hljóðin í skóginum að hræra í ímyndunaraflinu.

Veiðin sjálf er mjög ólík skotveiðinni þar sem allt fer á milljón þegar fyrsta skotið fer af stað, hávaði og læti, bráðin týnd upp og beðið eftir næsta flugi eða labbað af stað til að finna fleiri rjúpur. Þarna situr maður alveg frosinn, má ekki hreyfa sig fyrr en dýrið labbar bak við tré eða eitthvað sem skyggir á sjónlínu dýrsins, og ef það gerist ekki þá verður þú að hreyfa þig á hraða snigilsins, og það getur verið erfitt þegar hjartað er farið að slá hratt af spenningi. Síðan þegar þú ert búinn að skjóta, jafnvel fella dýr þá er það að bíða. Alveg þangað til að veiðin er búin, þ.e.a.s. klukkan er orðin það margt að dýrin eru örugglega hætt að hreyfa sig um skóginn. Það er gert til að hræða ekki önnur dýr sem eru hugsanlega í skotfæri hjá veiðifélaganum í næsta standi, en það getur verið í 50-100 metra fjarlægð. Að bíða eftir dýri getur verið löng bið, en að bíða eftir að veiðin sé búin þegar þú er búinn að ná dýri er miklu lengri!

Dýralífið á þessu svæði var alveg einstaklega fjölbreytt. Þarna voru íkornar, kalkúnar, sléttuúlfar og auðvitað dádýrin.

Colorado fylki býður upp á kjöraðstæður til bogveiða, bogveiðitímabilið byrjar á undan skotveiðinni snemma hausts. Ljósmynd - Dúi J. Landmark

Veiðimaður og leiðsögumaður með fallegan 5 punkta tarf sem náðist eftir 3ja daga veiði í skóglendi Colorado. Ljósmynd - Dúi J. Landmark

Og fjallaljón sem var að læðast upp að mér eitt kvöldið. Þá fór adrenalínið af stað! Ég náði að draga upp bogann, en ljón eru allt öðrvísi en dádýr, þau sjá miklu betur. Þetta ljón gerði sér vel grein fyrir að þetta var ekki bráð sem sat og slappaði þarna af uppi í tré. Það forðaði sér því áður en ég náði að komast í færi.

Þessi ferð er í alla staði ógleymanleg og alveg meiriháttar viðbót við þær veiðiminningar sem við bræður eigum með föður okkar. Að standa úti í skógi og grilla dádýr yfir opnum eldi eftir langan veiðidag, fá sér einn kaldan, það er stund sem maður á vonandi eftir að endurtaka með þessum veiðifélögum."

DÚI

Dúi, þú hefur aðeins fylgst með þessum veiðum í gegnum myndavélina, hvert er þitt álit á bogveiðum miðað við það sem þú hefur séð?

„Jú, ég var svo heppinn að fá að fylgjast náið með slíkum veiðum í Colorado fyrir nokkrum árum, þetta er spennandi og krefjandi veiðiaðferð sem gefur firnasterka upplifun. Í sjálfu sér sé ég enga fyrirstöðu á því að leyfa slíkar veiðar hér á landi svo lengi sem öllum eðlilegum kröfum um siðareglur, öryggi o.s.frv. er fylgt. Miðað við það sem ég kynntist við upptöku myndarinnar í Colorado eru bogveiðar síst minna krefjandi en skotveiðar, að flestu leyti gera þær meiri kröfur til veiðimannsins. Og nálægðin við dýrin getur varla orðið meiri. Kannski má líkja þessu við stangveiðimanninn sem hefur einungis veitt á maðk og fer að veiða á flugu, um 95% af bogveiðimönnum byrja sem skotveiðimenn."

Telur þú raunhæft að hægt væri að stunda bogveiðar á Íslandi og þá á hvaða bráð.

„Það væri örugglega hægt að stunda bogveiðar á hreindýrum eins og gert er í Kanada og Grænlandi í svipuðu landslagi og hér heima. Sem fyrr sagði þarf að leggja mikla áherslu á að öllum reglum um öryggi og siðferði sé fylgt. Og það tekur ákveðinn tíma að fá almenning og stjórnvöld til að meðtaka þessa veiði og því þarf að vanda til verka. Það væri t.d hægt að byrja þetta sem tilraunaverkefni á völdum svæðum í samvinnu við Umhverfisstofnun. Síðan eru ýmsir möguleikar þegar kemur að fuglaveiði, gæs, önd og rjúpu. Á gæs og önd væri t.d. hægt að vera í felubyrgi. Þetta snýst allt um að komast í færi eins og í skotveiðinni nema þarna er færið talsvert styttra. Ég held að þeir sem hafa á annað borð gaman af veiði og prófa bogveiðina sjái fljótt hversu spennandi hún er.

En það er svipað með þessa veiði eins og aðra, áður en breytingar nást í gegn þarf oft að leggja mikla vinnu í að miðla upplýsingum, reyna að útrýma misskilningi og fordómum sem oft gera fljótt vart við sig. Ég veit að Bogveiðifélag Íslands er að reyna að vinna í því að fá þessa veiðiaðferð leyfða, vonandi gengur þeim vel að klífa þann hamar."